

103

2. gr.

6. desbr.

Tilgangur sjóðsins er að efla heimilisiðnað í Skagafjarðarsýslu, og má í því skyni verja vöxtum hans:

1. til verðlauna á iðnaðarsýningum.
2. til kostnaðar við iðnaðarnámsskeið.
3. til iðnaðarkenslu í barna- og unglingskólum.
4. til alþýðufræðslu um framfarir í verknaði.
5. til innkaupa á verkefnum og áhöldum.
6. til hverskonar framkvæmda, er miða að því, að glæða áhuga og auka kunnáttu í verklegum störfum.

3. gr.

Stjórn sjóðsins er fallin sýslunefndinni í Skagafjarðarsýslu. Vöxtum hans ráðstafar sýslunefndin á aðalfundi sínum ár hvert. Heimilt er að safna saman vöxtum fleiri ára og veita meira fje í einu lagi.

4. gr.

Reikning sjóðsins semur oddviti sýslunefndar fyrir hvert almanaksár, eftir að vextir koma til útborgunar úr Söfnunarsjóði. Reikningurinn skal endurskoðaður og auglýstur á sama hátt og sýslureikningar.

Reykjavík, 6. desember 1920.

Olafur Briem.

104

11. des.

Hafnarreglugjörð

fyrir

Vestmannaeyjakaupstað.

Stjórnarráðið hefir 11. desember 1920 gefið út svofelda hafnarreglugjörð fyrir Vestmannaeyjakaupstað, samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917.

I. kafli.

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Höfnin takmarkast af strandlengjunni á Heimaey á einn veg og skiftist í:

- a. Innri höfn,
- b. Ytri höfn og
- c. Hafnarlegu.

Hafnarsvæði þessi eru:

104

- a. Innri höfnin er hinn svokallaði Botn og takmarkast af skjólgörðunum á Hringskeri og Hörgseyri og landinu í kring.
- b. Ytri höfnin takmarkast af Heimaey, Heimakletti, Ystakletti að Klettsnefi og línu frá því í Sigurðar-Rönku.
- c. Hafnarlegan er austan og norðan Heimaeyjar:
 1. Austan Heimaeyjar nær hún yfir svæðið, sem myndast innan við línur, sem dregnar eru úr Sigurðar-Rönku sunnan í Bjarnarey, þaðan í Elliðaey að norðvestan, þaðan í Faxasker, þaðan í Ystaklett og meðfram honum í Klettsnef og úr því í Sigurðar-Rönku.
 2. Norðurlegan nær yfir svæðið, sem myndast innan við línur, sem dregnar eru úr Faxaskeri í Ystaklett með honum og Heimakletti, Eiði, Klyfi og Dalfjalli móts við Grasleysu, í hana og þaðan í Faxasker.

II. kafli.

Um lestargjald.

2. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip, mótorskip, bátar, hvers kyns uppskipunartæki, hvort sem þau eru tóm, eða með vörur eða seglfestu skulu greiða lestargjald í hvert sinn er þau leggjast á Innri eða Ytri höfn, þó með þeim undantekningum, er síðar getur. Gjaldið reiknast af nettó burðarmagn skipisins sje ekki öðruvísi ákveðið, talið í heilum tonnum og er hálf tónn talið sem heilt en minna broti slept.

3. gr.

- a. Allar fleytur, sem heima eiga í Vestmannaeyjum og minni eru en 30 tonn, skulu greiða lestargjald einu sinni á ári 1. apríl, 10 krónur fyrir hvert tonn af brúttó stærð skipisins eða fleytunnar, þó aldrei minna en 20 krónur. Uppskipunarbátar, prammar og önnur uppskipunartæki, svo og geymsluskip greiða sama gjald, þótt stærri sjeu en 30 tonn.
- b. Innland fiskiskip, hverju nafni sem nefnast, svo og öll skip, sem eru eingöngu í innanlands siglingum, skulu greiða lestargjald, 30 aura fyrir hvert tonn, þó ekki oftast en einu sinni á mánuði, þótt þau komi oftast til hafnar.
- c. Öll önnur skip, sem á tjeð hafnarsvæði (Innri- og Ytri höfn) koma, nema herskip, björgunarskip, skip sem hafa skírteini sem skemtiskip, skip sem gjörð eru út til vísindalegra rannsókna og skip sem nefnd eru undir staflið d. þessarar greinar, skulu greiða 40 aura lestargjald fyrir hvert tonn; skip sem sigla eftir fastri áætlun, skulu þó eigi greiða gjald þetta oftast en einu sinni á mánuði. Hafnarnefnd er heimilt að semja um lægra gjald fyrir skip er sigla eftir fastri áætlun hvort er með ströndum landsins eða milli landa.
- d. Skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, sjóskaða eða skemda á skipi, greiða ekki lestargjald, nema þau jafnframt affermi eða fermi einhverjar vörur. Sama gildir um skip, sem leita hafnarinn til að rjetta áttavita eða fá skipanir.

4. gr.

Skip, sem liggja á Innri höfn lengur en sólarhring, en eiga að greiða lestargjald eftir 3. gr. staflið b eða c, skulu auk þess gjalds greiða 20 aura lestargjald af hverju tonni fyrir sólarhring, þó aldrei meira en 10 krónur fyrir hvert tonn í senn.

104

11. des.

5. gr.

Skip, sem lestagjald á að greiða samkvæmt 3. gr. stafl. b eða c, ef þau leggjast á Innri eða Ytri höfnina, skulu, ef þau leggjast á Hafnarleguna (sbr. 1. gr.) greiða sama lestagjald og sem þau læju á Ytri höfn, ef þau afferma eða ferma vörur eða hafa viðskifti við Eyjarnar og ekki eru undanþegin lestagjaldi, samkvæmt 3. gr. stafl. c eða d.

III. kafli.

Um hafnarfestar og gjöld fyrir afnot þeirra.

6. gr.

Hafnarfestum þeim, sem lagðar eru á höfnina á kostnað lendingarsjóðs, skal haldið við á kostnað hafnarsjóðs, sem hefur umráð yfir þeim, til afnota fyrir vjelarbáta og önnur smáskip, er stunda fiskiveiðar í Vestmannaeyjum.

Þangað til 1. janúar ár hvert hafa Vestmannaeyingar forgangsriett til að fá á leigu hafnarfestar hjá hafnarnefnd til afnota fyrir báta, sem er eign þeirra að öllu leyti. Hafnarfestar þær, sem eigi eru leigðar Vestmannaeyingum 1. janúar ár hvert, skal hafnarnefnd leigja eða lána til afnota fyrir báta án tillits til hverjir eru eigendur þeirra, um eitt ár eða skemri tíma, og gengur sá fyrir, er fyr beiðist láns eða leigu. Í byrjun leigutímans, sem eigi má vera lengri en eitt ár, skal hafnarnefnd sjá um, að hin leigða hafnarfesti sje í góðu lagi.

Hafnarnefnd er skylt að sjá um, að jafnan sjeu nógar hafnarfestar fyrir báta Vestmannaeyinga, og ennfremur nokkrar handa öðrum bátum, svo framarlega sem rúm hafnarinnar leyfir.

Enginn bátur má liggja á Innri höfninni fyrir akkerum eða öðrum festum en einhverri hafnarfestanna, nema þær sjeu allar leigðar, og má bátur þá ekki liggja á öðrum stað, en hafnarvörður vísar til.

Hafnarvörður skipar fyrir um hvar og hvernig skipum er lagt á Innri höfn og er helmilt að skipa einnig fyrir um legu þeirra á Ytri höfn.

7. gr.

Bátar eða skip, sem fá leigðar festar þær, er umgetur í 6. gr. hjer á undan, skulu greiða í festurgjald 10 krónur á ári í leigu fyrir hvert tonn af brutto stærð skips eða báts, en fyrir styttri tíma minna gjald, er hafnarnefnd ákveður.

IV. kafli.

Um hafnarbryggjugjald og afnot hafnarbryggjunnar.

8. gr.

Fyrir afnot hafnarbryggjunnar greiði kaupmenn, skipaafgreiðslur og aðrir atvinnurekendur, sem flytja að eða frá vörur um skemri eða lengri tíma 50 til 1500 krónur um árið eftir ákvörðun hafnarnefndar. Ákvæði þetta nær þó eigi til þeirra, sem sjálfir hafa bryggjur sunnan við höfnina til almenningsafnota, og skulu þeir ekkert gjald greiða. Án leyfis hafnar-

nefndar eða hafnarvarðar má ekkert liggja á hafnarbyggjunni, sem tálmað getur umferð um 104 hana eða afnotum hennar við vöru- eða fiskflutning. Bátar mega aldrei liggja við hafnar- 11. des. byggjuna að nauðsynjalausu án leyfis hafnarvarðar.

V. kafli.

Ýms gjöld til hafnarinnar.

9. gr.

Fyrir að leggja skipi yfir 30 tonn að stærð eða sem ekki á heima í Vestmannaeyjum á fjöru til hreinsunar eða aðgerðar, skal greiða 10 aura af hverju tonni af netto stærð skipsins fyrir hvern sólarhring.

10. gr.

Fyrir uppsátur báta á Innri höfn greiðist 15 krónur fyrir róðrabát og 30 krónur fyrir mótorbát ár hvert hinn 1. apríl.

VI. kafli.

Ýms ákvæði.

11. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugjörð þessari renna í Hafnarsjóð.

12. gr.

Formaður skips, báts eða fleytu ber ábyrð á greiðslu lestar, festar og uppsátursgjaldi. Elgandi skips eða báts ber ábyrgð á gjöldum samkvæmt reglugjörð þessari, nema bryggju- gjaldi, er kaupmaður sá, eða atvinnurekandi ber ábyrgð á, sem hlut á að máli.

13. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugjörð þessari má taka lögtaki og hefir Hafnarsjóður halds- rjett á skipum eða bátum fyrir lestar- festar- og uppsátursgjaldi.

VII. kafli.

Um seglfestu o. fl.

14. gr.

Enginn má kasta út seglfestu eða grjóti á Innri höfninni; eigi heldur má taka segl- festu nje leggja hana á land á öðrum stað en þeim, er hafnarvörður ákveður. Öll óþörf akkeri skulu tekin af höfninni svo og skipsflök og hvaðeina skipum hættulegt, er liggja kann á henni eða á ströndinni meðfram henni.

Skal þetta gert á kostnað hlutaðeiganda, ef þeir gjöra það ekki sjálfir eftir skipun hafnarnefndar.

VIII. kafli.

Leiðarljós og önnur merki.

15. gr.

Til leiðbeiningar við inn og útsiglingu af höfninni skal á tímabilinu frá 1. ágúst til 15. maí, vera ljós á þeim stöðum, sem hafnarnefnd tiltekur, frá því hálf tíma eftir sólarlag og til hálf tíma fyrir sólaruppkomu.

Veifur um daga en ljós á nóttum skal vera til taks á Gjabakka og Eiðinu, er gefi bendingu um að leið sje ófær. Aldrei mega vjelarbatár fara með fullri ferð á Innri hafnarlegunni eða Leiðinni, þegar fleiri batár eru þar á ferð. A höfninni má eigi blása í þokuhorn, nema hjálpar þurfi.

IX. kafli.

Hafnarnefnd, hafnarvörður, hafnarsjóður.

16. gr.

Í hafnarnefnd skulu vera 5 menn, oddviti bæjarstjórnar og 4 menn, er bæjarstjórn kys, 2 úr sínum flokki og 2 utan bæjarstjórnar úr flokki kjósenda og skal annar vera kaupmaður og hinn sjómaður; kosningin gildir til eins árs.

Hafnarnefndarmenn fá engin laun fyrir starf sitt.

Bæjarstjórn skipar eftir tillögum hafnarnefndar hafnarvörð og aðstoðarmenn hans, sem fyrir hönd hafnarnefndar hafa alla daglega umsjón með höfninni.

Hafnarvörður sjer um að hafnarreglugjörðinni sje fylgt og að alt fari reglulega fram á höfninni; hann hefir og umsjón með og segir fyrir um afnot allra opinberra bryggna; hann kveikir og slekkur á leiðarljósunum á ákveðnum tíma og sjer um að hafnarmerki og hafnarfestar sjeu í góðu lagi. Hann skal ráða bót á öllum skemdum sem fyrst og haganlegast og hefir hafnarnefnd í ráðum, ef þörf þykir, og hann ber ábyrgð á því fyrir hafnarnefndinni, að alt sje í reglu. Bæjarstjórnin ákveður þóknun handa honum og aðstoðarmanni hans, sem greiðist úr hafnarsjóði.

Lögreglustjóri innheimtir tekjur hafnarsjóðs gegn 6% innheimtulaunum og gerir árlega reikning fyrir tekjum hans og gjöldum. Reikningarnir skulu fylgja bæjarsjóðs-reikningunum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

Bæjarstjórnin ákveður hvernig fje hafnarsjóðs skuli ávaxtað, enda ber hún ábyrgð á innstæðum hans eins og öðrum eignum bæjarsjóðs.

X. kafli.

Hegningarákvæði o. fl.

17. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum 10 til 500 krónum, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Mál út af brotum á reglugjörð þessari skal farið með sem almenn lögglumál.

104
11. des.

19. gr.

Hafnarreglugjörð fyrir Vestmannaeyjakauptún frá 14. febrúar 1911, er hjermeð úr gildi feld.

20. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. janúar 1921 og skal endurskoðuð fyrir 1. janúar 1926, þó ekki síðar en þegar hinni fyrirhuguðu hafnargjörð er lokið.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 11. desember 1920.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Reglugjörð

105
13. des.

um

notkun og meðferð rafmagns í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Rafveita Seyðisfjarðarkaupstaðar selur öllum rafmagn innan þess svæðis, sem taugar veitunnar ná yfir að svo miklu leyti sem afl hennar nægir til, samkvæmt eftirfarandi skilmálum.

2. gr.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefir á hendi yfir stjórnrafveitunnar. Hún ákveður hvernig rekstri rafveitunnar skuli hagað og stjórnar fjármálum hennar, ræður starfsmenn og ákveður laun þeirra og starfssvið, að fengnum tillögum rafveitunefndar í hvert sinn.

Rafveitunefnd er bæjarstjórn kýs stjórnar málefnum rafveitunnar. Í nefndinni eru 3 menn kosnir til þriggja ára og skulu 2 þeirra ávalt vera úr tölu bæjarfulltrúa. Gengur einn maður árlega úr nefndinni. Tölu nefndarmanna getur bæjarstjórn breytt með fundarsamþykkt. Rafveitunefnd skal halda gjörðabók. Í hana skal skrá allar samþykktar tillögur svo og ágreiningsatriði, ef hlutaðeigandi æskir þess. Rafveitunefnd velur sér formann í byrjun hvers árs, er boðar til nefnarfundar þegar þörf krefur. Skyldur er hann að boða fundi þá er bæjarstjórnin æskir eða meirihluti nefndarmanna.

3. gr.

Á þeim tíma, sem vjelarnar eiga að vera í gangi, má því aðeins stöðva þær eða taka